

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Seljavogur Höfnum



Dags eftirlits	16.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Rúnar, Ella Kristín og Júlía	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Rafn, Ólína og Karen	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ekki var tilkynnt um breytingu á tengilið rekstraraðila. 2) Ekki er ljóst hver fosfórlusun ársins 2023 var. 3) Tunna með klór var geymd án viðunandi lekavarna. Tvær ábendingar voru settar fram: 1) Gæta þarf að því að réttar forsendur séu notaðar við útreikninga á fosfórlusun. 2) Mæla þarf rennsli við útrás stöðvarinnar a.m.k. þegar sýni eru tekin. Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, en það varðar að losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Seljavogi. Benchmark Seljavogi er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 23. júní 2037. Starfsleyfið tekur til eldis með 2,8 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð (farin 12. júní)

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö frávík komu fram í síðasta eftirliti, árið 2023. Öðru þeirra var lokað í bréfi dags. 11. júlí 2023 en hitt sem varðar að losun fosfórs árið 2022 var umfram heimiluð mörk, var opið þegar eftirlitið árið 2025, fór fram. Þrjár ábendingar voru settar fram í síðasta eftirliti. Brugðist hefur verið við tveimur þeirra á fullnægjandi hátt, en enn ber nokkuð á að misvísandi upplýsingar berist eftirlitsaðila og er ítrekað að gæta þarf að því að réttar upplýsingar séu í þeim skjölum sem berast eftirlitsaðila. Farið er yfir nokkur tilvik síðar í skýrslunni.

Ekki var tilkynnt um breytingu á tengilið rekstraraðila þegar fyrrverandi stöðvarstjóri hætti störfum og er það frávík frá starfsleyfi.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað 29. apríl 2024 og ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað 30. apríl 2025. Rekstraraðila er bent á að tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti, en nokkuð bar á misræmi í þeim gögnum sem bárust eftirlitsaðila. Útreikningar á fosfórlusun þar sem notaðar eru niðurstöður frárennslismælinga, eru rangir og er rekstraraðila bent á að tryggja að réttar upplýsingar séu notaðir við þá. Útreikningar rekstraraðila á fosfórlusun, sem nota upplýsingar um lífmassa og fódurnotkun árið 2023, eru óraunhæfir og því ekki ljóst hver fosfórlusunin var það árið og skráð frávík þar um. Fosfórlusun árið 2024 var samkvæmt sambærilegum útreikningum, tæplega 10 kg/tonn af lífmassaaukningu og er frávikum vegna losunar áranna 2022 og 2023 því lokað.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum

tilfelling einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

5. Önnur mál

Farið var yfir að með breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald var m.a. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald felld úr gildi. Eftir breytinguna er krafa um að allar fiskeldisstöðvar skili upplýsingum skv. reglugerðinni.

6. Skoðunarferð (farin 12. júní)

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efni eru flest geymd á viðunandi hátt og öryggisblöð til staðar. Þó er tunna með klór geymd án viðunandi lekavarna því að of mörg önnur ílát eru á sömu lekavörn. Skráð er frávik vegna þess. Útrás stöðvarinnar var skoðuð og eru engar athugasemdir gerðar við umgengni og frágang við hana. Rekstraraðila er bent á að mæla þarf rennsli í frárennslinu a.m.k. þegar sýni eru tekin til að unnt sé að meta fosfórlosun stöðvarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.2 í starfsleyfi	Ekki var tilkynnt um breytingu á tengilið rekstraraðila þegar fyrrverandi stöðvarstjóri hætti.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Ekki er ljóst hver fosfórlosun ársins 2023 var.
3.10 í starfsleyfi	Þegar eftirlit fór fram var tunna með klór geymd án viðunandi lekavarna.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Gæta þarf að því að réttar forsendur séu notaðar við útreikninga á fosfórlosun. 2) Mæla þarf rennsli við útrás stöðvarinnar a.m.k. þegar sýni eru tekin.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2025


Freyr Ávarsson